

Frístundamiðstöðin Kringlumýri

Starfsáætlun 2019-2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Skipurit Kringlumýrar.....	5
Hlutverk/ leiðarljós/ gildi Kringlumýrar.....	6
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári	8
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar	8
Áskoranir, markmið og aðgerðir.....	10
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins.....	15
Samstarf	16
Jafnréttisáætlun	17

Inngangur

Frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs (SFS) starfa eftir Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Frístundamiðstöðvarnar vinna jafnframt út frá Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025, en leiðarljós hennar er að Reykjavíkurborg bjóði upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundaþjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags. Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS (2015) er svo kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert, við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglinga í Reykjavík. Til viðbótar við þessi stefnuskjöl sem frístundamiðstöðvarnar vinna eftir er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknnum á stöðu barna og unglinga í hverfinu.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf frístundamiðstöðvarinnar gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs. Starfsáætlunin gildir frá 1. september 2019 og gildir til 31. ágúst 2020. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar gera aðgerðaráætlanir fyrir starfsárið út frá starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar.

Frístundamiðstöðin Kringlumýri stendur fyrir viðamiklu frístundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 – 16 ára í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðahverfi. Hjá Kringlumýri starfa um 380 starfsmenn í 170 stöðugildum. Starfsstaðir Kringlumýrar telja níu frístundaheimili og sex félagsmiðstöðvar. Starfsmannahópurinn samanstendur af einstaklingum með fjölbreytta menntun, ólíkan bakgrunn og viðamikla reynslu af starfi með börnum og unglíngum. Verkefni starfshópsins eru fjölbreytt og mörg krefjast sérhæfingar og sérþekkingar.


Kringlumýri er þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra. Í þekkingarmiðstöðinni starfa þrjú starfsmenn, verkefnisstjóri á skrifstofu frístundamála í málefnum fatlaðra og tveir ráðgjafarþroskabjálfar. Þekkingarmiðstöðin er í fararbroddi varðandi vinnu og hugmyndafræði í málefnum fatlaðra. Hún miðlar reynslu og þekkingu til allra frístundamiðstöðva og upplýsir um alla þróun sem á sér stað í málaflokknum sem skiptir starfsemina máli. Þekkingarmiðstöðin heldur utan um veittan stuðning á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum borgarinnar ásamt því að veita ráðgjöf inn á starfsstaði frístundastarfs. Megináhersla er lögð á að hinn sértæki stuðningur efli börnin félagslega og geri þeim kleift að taka þátt í almenna starfinu á eigin forsendum. Sem þekkingarmiðstöð fyrir frítímastarf fatlaðra barna og unglinga er það hlutverk Kringlumýrar að vera leiðandi í frítímastarfi fyrir þennan hóp. Einnig rekur Kringlumýri sértæk úrræði fyrir börn og unglinga með fötlun sem stunda nám í Klettaskóla, frístundaheimilið Guluhlíð og félagsmiðstöðina Öskju.

Í öllu starfi Kringlumýrar er lögð áhersla á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Þessi ár eru mikilvægt mótunarskeið og því er áhersla lögð á að efla þætti eins og félagsfærni, sjálfsmynd og virka þátttöku með skipulögðum hætti. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa stuðning vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Kringlumýri starfar eftir hugmyndafræði „jákvæðrar nálgunar“ og reynslunáms ásamt lýðræðislegra vinnuaðferða.

Helstu verkefni veturinn 2019-2020 tengjast fimm megin þáttum menntastefnu Reykjavíkurborgar. Má þar nefna forvarnarverkefnið Betri Bústaðir þar sem grunnskólar, foreldrafélög grunnskólanna, frístundastarf og þjónustumiðstöð Bústaðahverfis ásamt skátafélaginu Garðbúum og íþróttafélaginu Víking taka höndum saman um að vekja athygli á mikilvægi svefnis fyrir börn og unglunga ásamt því að stuðla að minni neyslu orkudrykkja og rafsigarettna. Verkefnið fær góðan stuðning frá Landlæknisembættinu og Háskólanum í Reykjavík (HR). Annað áhugavert verkefni er þar sem farið verður í að meta sértækt hópastarf fyrir unglunga annars vegar og börn í öðrum bekk hins vegar í samstarfi við Háskóla Íslands (HÍ). Hannaður er grunnur að sértæku hópastarfi sem sérstaklega er ætlað að efla félagsfærni og styrkja sjálfsmynd barna og unglunga. Hí mun svo aðstoða okkur við að meta hverju starfið er að skila til þátttakanda. Funfy er annað verkefni sem verður prufukeyrt á haustönn. Funfy er heimasíða þar sem hægt er að nálgast myndbönd sem kenna starfsfólki að nýta leiki sem verkfæri til að efla meðal annars félagsfærni og sjálfsmynd barna og unglunga. Frístundalæsi verður innleitt í öll frístundaheimili Kringlumýrar til að efla mál og læsi barna. Markmiðið er að skapa aðstæður þar sem börn fá tækifæri til að efla færni sína í samskiptum við jafnaldra, rökræða og gagnrýna. Einnig verður lögð áhersla á sköpun í öllu frístundastarfi Kringlumýrar og má þar sérstaklega nefna tónlistarsköpunar verkefni í Neðstalandi þar sem frístundafræðingur leggur sérstaka áherslu á að nota tónlist og sköpun í að efla félagsfærni barnanna. Að lokum er vert að nefna innleiðingu samskiptasáttmála Kringlumýrar. Markmið þessa sáttmála er að byggja upp traust og jákvætt starfsumhverfi þar sem allar fá að njóta sín í starfi.



Skipurit Kringlumýrar



Hlutverk/ leiðarljós/ gildi Kringlumýrar

Í starfsskrá frístundamiðstöðva er hlutverk frístundamiðstöðva rammað inn með leiðarljósi, uppeldisgildi og lykilmæni í frístundastarfi sem eru eftirfarandi:

Leiðarljós í frístundastarfi

Virk þátttaka – Reynslunám – Lýðræði – Mannréttindi – Forvarnarstarf

Uppeldisgildi frístundastarfs

Forvarnargildi – Menntunargildi – Afþreyingargildi

Lykilmæni í frístundastarfi

Sjálfsmynd – Umhyggja – Félagsfærni – Virkni og þátttaka

Hver deild Kringlumýrar hefur svo skilgreint hlutverk sitt og innihald þjónustunnar sem veitt er á starfsstöðum hvarrar deildar fyrir sig í út frá þessum leiðarljósum, uppeldisgildum og lykilmæni ásamt stefnu Reykjavíkurborgar og skóla- og frístundasviðs.

Hlutverk sértæka starfsins

- Tryggja öruggt og faglegt umhverfi fyrir börn og unglunga til að vaxa og dafna sem sterka einstaklinga.
- Stuðla að aukinni félagsfærni.
- Stuðla að aukinni almennt samfélagsþátttöku.
- Auka sjálfstraust barna og unglunga.
- Að tilheyra hóp.
- Auka virkni.
- Stuðla að barna- og unglungalýðræði.
- Styðja börn og unglunga til að tjá sig um eigin hagsmuni og efla trú á sjálfsákvörðunarrétti þeirra.
- Áhersla er lögð á gleði og jákvæðni í starfi.
- Stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði.

Hlutverk unglingastarfs

- Efla félagsfærni unglunga.
- Forvarnir.
- Efla samskiptafærni unglunga.
- Þjálfva lýðræðislega hugsun með lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að vera til staðar.
- Efla sjálfsmynd.
- Skapa umhverfi fyrir óformlegt nám.
- Vinna með reynslu og læra af henni.
- Fræðsla.
- Umhyggja og áhugi.
- Taka mið af þjónustuþörf barna og unglunga.
- Stuðla að jöfnuði.
- Eiga í virku samstarfi við foreldra.

Hlutverk þekkingarmiðstöðvar

- Að stuðla að aukinni virkni og þátttöku barna og unglunga sem þurfa sértækan stuðning og hvatningu í frítímastarfi.
- Hefur yfirsýn yfir málefni barna og unglunga sem þurfa sértækan stuðning og hvatningu í frítímastarfi.
- Fylgjast með framþróun í málaflokknum og innleiða hugmyndafræði, nálgun viðfangsefna og vinnuaðferðir sem við á hverju sinni.
- Sinnir fræðslu og ráðgjöf varðandi frítímastarf til þeirra sem málið varðar.
- Að veita faglegan ramma varðandi frítímastarf fatlaðra barna og unglunga.
- Meta þjónustuþörf og úthluta stuðningi til barna á frístundaheimilum og sértækra félagsmiðstöðva.
- Tryggir að sambærilega þjónusta sé veitt börnum með úthlutaðan stuðning í frístundarheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum borgarinnar.

Hlutverk barnastarfs.

- Að efla félagsþroska.
- Að kenna börnum að nýta frístundir á uppbyggjandi hátt.
- Að fagna fjölbreytileika.
- Að veita öruggt umhverfi.
- Að efla sjálfstæði, sjálfstraust, sjálfsvirðingu.
- Að efla náttúru- og umhverfislæsi.
- Að veita umhyggju.
- Að standa vörð um réttindi og velferð barna.
- Að efla lýðræðisvitund barna.

Gildin **fagmennska, fjölbreytileiki og gleði** voru valin af starfsfólki og stjórnendum Kringlumýrar. Gildin lýsa að okkar mati vel hvað Kringlumýri stendur fyrir og eru lýsandi fyrir starfið sem fram fer á starfsstöðum hennar.

Fagmennska

- Félagsþroski barna og unglinga eflður með áherslu á félags- og samskiptafærni.
- Áhersla lögð á eflingu jákvæðrar sjálfsmyndar og raunverulega virkni og þátttöku.
- Starfsfólk kappkostar við að tileinka sér nýja þekkingu til uppbyggingar í starfi.
- Unnið eftir settum markmiðum og gildum.
- Störfum sinnt af virðingu með trúnað og tryggð að leiðarljósi.

Fjölbreytileiki

- Leiðandi afl í frítímastarfi með fötluðum börnum og unglingum.
- Áhersla á fjölbreyttan starfsmannahóp með ólíkan bakgrunn og færni.
- Viðfangsefni við hæfi hvers og eins.
- Barna- og unglingalýðræði í hávegum haft með tilstuðlan jafnréttis.
- Tökum mið og tillit til ólíkra skoðana og fjölbreyttra samstarfsaðila.

Gleði

- Viðhorf er val. Veljum okkur gleði og jákvæðni í starfi með bros á vör.
- Sýnum umhyggju.
- Áhersla lögð á góð mannleg samskipti.
- Lærdómur og sköpun í gegnum leik.
- Ekkert er svo hátíðlegt að ekki megi hlæja saman.



Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári

Starfsemi Kringlumýrar og starfsstaða Kringlumýrar gekk ágætlega á síðasta starfsári. Húsnæðisvandræði voru þó að hafa áhrif á starf fimm starfsstaða af 15. Mikil orka fór í þessi vandræði en þökk sé dugmiklum stjórnendum á þessum stöðum virtust þessi vandræði ekki hafa mikil áhrif á starfið sjálft samkvæmt niðurstöðu foreldrakönnunar og almennri umræðu í hverfunum. Mikið verk er samt framundan til að allt húsnæði Kringlumýrar sé komið í viðunandi ástand. Fjöldi þátttakenda í frístundastarfi á vegum Kringlumýrar fjölgaði og var ánægja í foreldrakönnun rétt yfir meðaltali ef litið er til Reykjavíkur í heild. Starfsfólki fjölgaði einnig og ekki sér fyrir endann á þeirri fjölgun á meðan notendum þjónustunnar fjölgar eins og síðustu ár. Starfsánægja starfsfólks var 0,03% undir mælingu frá síðasta ári. Starfsáætlun gekk eftir og þau atriði sem komu fram í umbótaáætlun mældust hærrí í síðustu könnun. Þau verkefni sem við erum hvað ánægðust með eru mælingar, í samstarfi við HÍ, á sértæku hópastarfi sem sýndu að góður árangur var að nást í starfinu þ.e. unglíngarnir sýndu framfarir og svo leit samskiptasáttmáli Kringlumýrar dagsins ljós á síðasta starfsári sem vonandi mun með innleiðingu auka starfsánægju og vinna að traustu og jákvæðu starfsumhverfi.

Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðurkenning	Miðlæg starfsmannakönnun	Starfsmenn	Lækkuðum um 0,19% viljum ná því upp aftur. Gerð umbótaáætlun
Stjórnun	Miðlæg starfsmannakönnun	Starfsmenn	Lækkuðum um 0,17% viljum ná því upp aftur. Gerð umbótaáætlun
Vinnuaðstaða	Miðlæg starfsmannakönnun	Starfsmenn	Hækkuðum um 0,12 aðgerðir að skila árangri
Starfsöryggi	Miðlæg starfsmannakönnun	Starfsmenn	Hækkuðum um 0,18 aðgerðir að skila árangri
Andleg líðan unglínga	Ungt fólk 2018 og 2019	5. – 10. bekkur grunnskóla	Aukin kvíði og þunglindí
Áhættuhegðun unglínga	Ungt fólk 2018 og 2019	5. – 10. bekkur grunnskóla	Minni svefn, aukin rafrettunotkun og mikil orkudrykkjanotkun í Bústaðahverfi miðað við önnur hverfi



Foreldrakönnun	Miðlæg könnun unnin af SFS	Foreldrar barna í frístundaheimilum Laugardals og Háaleitis	Hækkun frá 0,02 til 0,07 var á helstu þáttum frá síðustu könnun þ.e. Barninu líður vel, Viðmót starfsfólks, Jákvæð félagsleg áhrif og Barnið er öruggt.
Rannsókn á sértæku hópastarfi í unglingsstarfi Kringlumýrar	Könnun gerð í samstarfi við HÍ fyrir og eftir hópastarfið	Þátttakendur í hópastarfinu	Aðaltilgangurinn var að skoða líðan þeirra unglunga sem stóðu höllum fæti í upphafi. Þegar svörun þeirra 32 krakka sem höfðu verstu líðanina í upphafi kom í ljós að sértæka hópastarfið hafði meiri áhrif – þar sáust marktækar breytingar í þremur mælingum



1. Frístundastarfið

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Sjálfsfelling Félagsfærni	Sértækt hópastarf. Gera sértækt hópastarf að gagnreyndum aðferðum með aðstoð HÍ.	Sértækt hópastarf sem leggur áherslu á að auka félagsfærni og styrkja jákvæða sjálfsmynd	Deildars tjórar, forstöðu menn	Haust 2019	Haust 2020	Spurningali sti sem hannaður er í samstarfi við HÍ sem lagður er fyrir og eftir fyrir hópanan ásamt samanburð arhóp	Markmiðið er að sjá jákvæðar niðurstöður í þeim þáttum sem verið er að mæla.
Sjálfsfelling Félagsfærni	Funfy Kenna starfsfólki með einföldum hætti að nota leiki sem verkfæri í að efla meðal annars félagsfærni og sterka sjálfsmynd.	Heimasíða þar sem starfsfólki er kennt í gegnum myndbönd að nýta leiki sem verkfæri til að efla meðal annars félagsfærni og sjálfsmynd barna og unglinga	Forstöð umaður Vogasel s og deildars tjóri barnast arfs	Haust 2019	Haust 2020	Taka saman hversu margir nýta þetta verkfæri og hvernig það nýtist	Að allir starfsstaðir Kringlumýrar sému búin að gera tilraunir með þennan vef
Sjálfsfelling	Vináttufærni	Frístundafræði ngar og aðrir	Forstöð umenn	Haust	Haust	Taka saman	Að allir starfsstaðir



Félagsfærni	Þróa enn frekar Vináttufærni sem verkfæri til að efla félagsfærni hjá börnum í frístundaheimilu m.	munu halda áfram með þróun á þessu verkefni og þá sérstaklega í Háaleitishverfi	frístund aheimili í Kringlu mýri ásamt deildars tjóra	2019	2020	hversu margir nýta þetta verkfæri og hvernig það nýtist	Kringlumýrar séu búnar að gera tilraunir með þennan vef
Sköpun	Tónlistarsköpun Nýta tónlistarsköpun sem tæki til að efla félagsfærni barna í frístundaheimilu m.	Frístundafræðingur þróar aðferðir við að nýta tónlistarsköpun sem tæki til að efla félagsþroska í samstarfi við grunnskóla	Deildars tjóri barnastarfs	Haust 2019	Haust 2020	Uppgjör með skýrslugerð í lokin.	Að börn sem taka þátt eflist félagslega. Metið með skólanum.
Læsi	Innleiða Frístundalæsi í öll frístundaheimili Kringlumýrar Að efla mál og læsi barna	Í frístundalæsi er lögð áhersla á reynslunám barna og að virkja þau til þátttöku með áhugahvatningu. Félagssleg hugsmíðahyggja og að læra í gegnum leik er einnig leiðarljós	Deildars tjóri barnastarfs og forstöðu menn frístund aheimila	Haust 2019	Haust 2020	Innleiðing verkefnisins verður mæld með úttekt í vorönn	Deildarstjóri mun taka út þau 10 atriði sem frístundalæsið leggur til
Forvarnir, heilbrigði og	Betri Bústaðir Forvarnarverkefni	Að verkefninu koma grunnskólar,	Framkvæmdastjóri og	Haust 2019	Vor 2020	Verkefnið er metið með	Markmiðið er að svefn aukist hjá börnum og



Lýðheilsa	sem ætlað er að vekja athygli á mikilvægi svefnis og minnka neyslu orkudrykkja og rafsígarettna.	foreldrafélög, frístundastarf og þjónustumiðst öð hverfisins ásamt skátafélaginu Garðbúum og íþróttafélaginu Víking. Unnið er með börn og unglunga í fyrstu lotu, foreldra í annarri lotu og svo sameinast allir í uppgjöri um vorið.	deildars tjórar barnast arfs og unglunga starfs			spurningarl istum sem foreldrar svara fyrir og eftir. Einnig er ætlunin að bera saman niðurstöðu r RogG varðandi þessa þætti eftir ár.	unglingum í hverfinu og neysla orkudrykkja og rafsígarettna minnki.
Jöfnuður	Réttindafrístunda starf Auka réttindi og jöfnuð meðal barna og unglunga í Laugardal, Háaleiti og Bústöðum	Undirbúa innleiðingu á Réttindafrístu ndastarfi á þeim starfstöðvum Kringlumýrar sem ekki eru Réttindafrístu ndastarf	Framkv æmdast jóri og deildars tjórar	Haust 2019	Haust 2020	Nýta gátlista þeirra starfstaða sem nú þegar eru orðin Réttindafrís tundarstarf	Að búið sé að klára gátlistana
Fjölbreytt og skemmtile gt	Könnun Fá betri upplýsingar um viðhorf bara og unglunga um innihald félagsmiðstöðvast arfs á vegum Kringlumýrar	Gera könnun meðal barna og unglunga um sýn þeirra á innihaldi félagsmiðstöð vastarfs á vegum Kringlumýrar	Deildars tjóri unglunga starfs og forstöðu menn félagsmi ðstöðva	Haust 2019	Haust 2020	Framkvæm a könnun meðal barna og unglunga sem sækja félagsmiðst öðvastarf á vegum Kringlumýr ar	Greina niðurstöður í samvinnu við unglunga/nem endaráð hverjar félagsmiðstöð var



Virk þátttaka	Ungmennáþing Hlusta eftir röddum unglunga í Laugardal, Háaleiti og Bústöðum	Halda ungmennáþing þar sem raddir unglunga koma fram	Deildars tjóri unglunga starfs og forstöðu menn félagsmiðstöðva	Haust 2019	Haust 2020		



2. Stjórnun, staðarbragur og mannauður

Þættir	Áskoranir/markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Staðarbragur	Samskiptasáttmáli Kringlumýrar Auka vellíðan, jákvæð samskipti og traust á starfsstöðum Kringlumýrar	Innleiða samskiptasáttmála Kringlumýrar á alla starfsstaði Kringlumýrar	Framkvæmdastjóri ásamt öllum stjórnendum Kringlumýrar	Haust 2019	Desember 2019	Forstöðumeinn kynna niðurstöður innleiðingariðnnar	Að allir starfsstaðir Kringlumýrar séu búin að innleiða samskiptasáttmálann
Fagmennska	Menntastefna Auka gæði frístundastarfs í Kringlumýri	Meta tvo þætti úr gátlista Menntastefnunar fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöðvar	Framkvæmdastjóri og deildarstjórnarar	Janúar 2020	Janúar 2020	Deildarstjórnar meta starfið út frá gátlista Menntastefnunar fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöðvar	Að allir starfsstaðir mælist jákvætt út frá gátlistum
Stjórnun	Að hækka niðurstöður í starfsmanna könnun í þættinum Viðurkenninng	Stórnendateymi Kringlumýrar gerði umbótaáætlun varðandi þenna þátt þar sem koma fram að auka þyrfti hrós	Framkvæmdastjóri ásamt stjórnendateymi Kringlumýrar	Haust 2019	Vor 2020	Skoða niðurstöður úr næstu miðlægu starfsmanna könnun	Að þessi þáttur hækki um allavega um 0,5%



Stjórnun	Að hækka niðurstöður í starfsmanna könnun í þættinum Stjórnun	Stórnendateymi Kringlumýrar gerði umbótaáætlun varðandi þennan þátt þar sem koma fram að bæta samskipti við yfirmenn og auka hvatningu	Framkvæmdastjóri ásamt stjórnendateymi Kringlumýrar	Haust 2019	Vor 2020	Skoða niðurstöður úr næstu miðlægu starfsmanna könnun	Að þessi þáttur hækki um allavega um 0,5%
-----------------	--	--	---	------------	----------	---	---

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Fyrir starfsárið 2019-2020 er menntasetna Reykjavíkurborgar rauður þráður í öllum áherslum Kringlumýrar og starfsstöðvum hennar. Allir fimm þættir menntastefnunnar félagsfærni, sjálfsefning, heilsuefning, læsi og sköpun eru undir með mismunandi útfærslum og verða hér á eftir talin upp helstu áherslur og verkefni sem tengjast hverjum þætti fyrir sig.

Út frá **heilsuefningu** má nefna Betri Bústaðir þar sem heilt hverfi er undir. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á mikilvægi svefns fyrir börn og unglunga ásamt því að minka neyslu orkudrykkja og rafsígarettna. Að verkefninu koma grunnskólar, foreldrafélög grunnskólanna, frístundastarf og þjónustumiðstöð hverfisins ásamt skátafélaginu Garðbúum og íþróttafélaginu Víking. Í fyrstu lotu munu grunnskólarnir, frístundastarfið, Garðbúar og Víkingur vinna forvarnarverkefni með börnum og unglungum hver fyrir sig þar sem ofangreindir þættir verða í forgrunni. Í næstu lotu verður blásið til foreldraþings þar sem foreldrarnir verða tengdir við verkefnið með fyrirlestrum og kynningu á því sem börnin og unglungarnir hafa verið að vinna að á undan. Í lokin er ætlunin að allir komi svo saman í vor þar sem verkefnið verður gert upp. Verkefnið er unnið í góðu samstarfi við Landlæknisembættið og verður útkoma verkefnisins mæld í samvinnu við HR. Verkefnið er styrkt af Skóla og frístundasviði Reykjavíkurborgar (SFS).

Þegar kemur að **félagsfærni** og **sjálfsefningu** eru nokkur verkefni undir og má þar helst nefna sértækt hópastarf fyrir unglunga annars vegar og börn í öðrum bekk hins vegar. Þar er verið að þróa úrræði sem er mælt í samvinnu við Háskóla Íslands. Markmið verkefnanna er að rannsaka betur hvað er að virka til að efla félagsfærni og sjálfsmynd barna og unglunga í sértæku hópastarfi. Fyrstu niðurstöður lofa góðu og verður spennandi að sjá hverju næstu skref skila okkur sem fagfólki. Þetta verkefni er styrkt af SFS. Einnig verður prufukeyrt verkefni sem ber nafnið Funfy þar sem hægt er að nálgast myndbönd sem kenna starfsfólki að nýta leiki sem verkfæri til að efla meðal annars félagsfærni og sjálfsmynd barna og unglunga. Þetta verkefni er einnig styrkt af SFS.



Vináttufærni verður eflað í frístundaheimilum Kringlumýrar ásamt því að undirbúningur fyrir Réttindafrístundastarf verður ýtt úr vör í öllu frístundastarfi Kringlumýrar. Einnig er verið að vinna með sjálfsmynd fatlaðra unglunga í sértæku frístundastarfi í félagsmiðstöðinni Öskju. Þar er verið að þróa kynfræðslu í samvinnu við Klettaskóla.

Varðandi **læsi** var ákveðið að innleiða [frístundalæsi](#) í öll frístundaheimili Kringlumýrar. Í frístundarlæsi er lögð áhersla á reynslunám barna og að virkja þau til þátttöku með áhugahvatningu. Félagsleg hugsmíðahyggja og að læra í gegnum leik er einnig leiðarljós stefnunnar þar sem þekkingarsköpun á sér stað með leik og í samskiptum við aðra. Innleiðing verkefnisins verður mæld með úttekt í vorönn þar sem deildarstjóri mun taka út þau 10 atriði sem frístundalæsið leggur til.

Varðandi **sköpun** verða gerðar tilraunir með tónlistarsköpun í frístundastarfi ásamt því verður farið í meira samstarf við Krakka RÚV varðandi myndbandavinnslu í nokkrum verkefnum. Þessi upptalning er ekki tæmandi en gefur vonandi mynda af þeirri grósku sem er í gangi í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Einnig verður farið í að innleiða samskiptasáttmála Kringlumýrar, sáttmála sem allri stjórnendur Kringlumýrar tóku þátt í að búa til á síðasta ári. Markmið þessa sáttmála er að bæta starfsumhverfi allra starfsstaða Kringlumýrar og búa til öruggt og jákvætt starfsumhverfi fyrir alla starfsmenn.

Farið verður í að meta tvo þætti út frá gátlista Menntastefnunnar fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Matið mun fara fram í janúar 2020 og munu halda utan um matið á öllum sínum starfsstöðum. Niðurstöðurnar verða svo kynntar að mati loknu. Þetta er fyrsta skrefið í að meta allt starf Kringlumýrar út frá gátlistum Menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Samstarf

Samstarf frístundastarfs og grunnskóla eykst með hverju ári. Í ár verður áhersla lögð á að móta, í samstarfi við grunnskólastjórnendur, starf frístundafræðinga. Áhersla verður lögð á félagsfærni og sjálfsefningu í starfi frístundafræðingana en útfærslurnar munu verða unnar nánar í samstarfi við skólastjórnendur. Einnig er stefnt að auknu samstarfi við grunnskólana með aðkomu félagsmiðstöðvarstarfsfólks að lífsleikni og tómstundakennslu á skólatíma. Aukning er í samstarfi frístundastarfs og grunnskólana varðandi börn og unglunga sem þurfa á stuðningi að halda. Sértækt hópastarf er að aukast og er það unnið í nánú samstarfi við stjórnendur skólana og námsráðgjafa. Þetta haustið fór af stað hópastarf fyrir börn í öðrum bekk þar sem val í hópinn var unnið með kennurum skólans.



Jafnréttisáætlun

Um Jafnréttisáætlun Kringlumýrar

Frístundamiðstöðin Kringlumýri miðar við að allt starf lúti bæði [jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar](#) og [mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#). Jafnréttisáætlun Kringlumýrar er ætluð sem hnitmiðað rit sem snýr sérstaklega að starfi Kringlumýrar. Þar sem starf Kringlumýrar er fjölbætt, þ.e. Kringlumýri er bæði atvinnuveitandi margra auk þess að þjónusta börn og ungmenni, þá er jafnréttisáætlunin víðfeng og eiga atriði þ.a.l. misvel við á hverjum stað. Stjórnendur eru hvattir til þess að lesa vel yfir hvert markmið og aðlaga að eigin vinnustað ef þörf er á. Taflan er hins vegar mjög skýr; henni er skipt niður í 7 markmið sem hvert hefur eigið undirmarkmið. Markmiðunum fylgja aðgerðir sem þarf að fylgja eftir, en ábyrgð á aðgerðum og tímarammi fyrir þær má einnig finna í töflunni.

Lykilatriði í frístundastarfi á jafnréttisgrundvelli er að starfsmenn geri ráð fyrir fjölbreytileika barna. Í því felst að bera virðingu fyrir og mismuna ekki börnum á grundvelli kyns, húðlitar, trúar, fötlunar, heilsufari, kynhneigð, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, uppruna og þjóðerni.

Markmið	Undirmarkmið	Aðgerð	Ábyrgð og Tímarammi
Hvetja til fjölbreytileika í starfi og berjast gegn staðalímyndum.	Starfsfólk sé meðvitað um mögulega birtingu staðalmynda í frístundastarfi og stendur ekki fyrir starfi sem ýtir undir þær. Hvetja til fjölbreytileika og sporna gegn staðalímyndum í starfi s.s. á grundvelli staðalímyndum á grundvelli kyns, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, uppruna, þjóðernis, húðlitar, trúarbragða og félagslegrar stöðu í frístundastarfi	Fræða starfsfólk um birtingarmyndir staðalmynda og áhrif þeirra.	Forstöðumenn og deildarstjórar. Haust önn.
		Kyngera ekki ákveðin tilboð. Brjóta niður kynbundna afþreyingu. Meta þarf hvern hóp hverju sinni.	Forstöðumenn. Metið í lok annar
		Ræða birtingu staðalmynda í starfinu, samfélaginu og umhverfi barna og unglunga..	Starfsfólk , Forstöðumenn Metið í lok annar
		Vanda val á fræðsluefni og afþreyingu. Bera virðingu fyrir fjölbreytileikanum, s.s. ólíkum menningarbakgrunni, fötlun... Berjast gegn fordómum með fræðslu og umræðum.	Forstöðumenn Metið í lok annar



Forvarnir gegn kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni meðal starfsfólks og barna og ungmenna.		Fræðsla fyrir börn og starfsfólk. Ath td. Verndum þau, Blátt áfram, Barnahús ofl. Reynt eftir fremsta megni að forðast óöruggar aðstæður fyrir börn og starfsfólk	Deildarstjórar, Forstöðumenn
Viðbrögð við kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni barna og ungmenna.	Tekið faglega á málum sem gætu komið upp	Að allir þekki verkferla um viðbrögð við kynbundnu og kynferðislegu áreiti.	Framkvæmdastjóri, deildarstjórar, Forstöðumenn
Jafnréttisáætlun Kringlumýrar sé virk.	Jafnréttisnefnd sé virk, fái fræðslu, safni upplýsingum og geti miðlað upplýsingum eða veitt ráðgjöf.	Jafnréttisáætlun sé ávalt aðgengileg á heimasíðu og einnig á veggspjaldi eða prentvænni útgáfu	Stjórnendateymi Kringlumýrar.
Þjóða upp á kynlaus salerni.		Óska eftir kynlausum salernum í gegnum nýframkvæmdir starfsstaða.	Framkvæmdarstjóri, fjármálastjóri og deildarstjórar. Áætlun til þriggja ára
Jafnræði í úthlutun verkefna	Gæta jafnræðis í úthlutun á auknum verkefnum, yfirvinnu o.s.frv.	Kerfisbundið eftirlit gagnvart t.d. yfirvinnu. Útfært á hverri starfseiningu.	
Allt starf lúti að jafnréttisáætlun Kringlumýrar sem og mannréttindastefnu Rvk.	Allir starfsmenn þekki jafnréttisáætlun og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.	Gátlisti (aðlagður á hverri starfseiningu) Jafnréttisáætlun endurskoðuð á hverju ári og ritað um í ársskýrslu Kringlumýrar. Kynning á bæði jafnréttisáætlun og mannréttindaáætlun.	
Passa upp á orðræðu í samskiptum við börn og heimili.		Tala um foreldra í stað mömmu og pabba Nota börn og unglingar í orðræðu í stað stelpur og strákar/kynbundinnar flokkunar.	

